



Selfossi, 14.mars 2023

Fundargerð stjórnar

6. fundur stjórnar Brunavarna Arnessýslu haldinn þriðjudaginn 14. mars 2023, kl. 14.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Lárus Kristinn Guðmundsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ógmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Launamál

Pétur sagði frá því að ný launatafla LSOS kom til framkvæmdar um mánaðarmótin febrúar/mars með afturvirkni til áramóta. Hækkunin er tæp 9% á laun almennra slökkviliðsmanna. Með hækkuninni lengist gildistími kjarasamninga til loka september á þessu ári (2023).

Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlun BÁ vegna ársins 2023. Slökkvistjóra falið að framkvæma nánari útreikninga og kynna á næsta fundi.

2. Útkallstölfræði BÁ 2022

Pétur kynnti útkallstölfræði BÁ 2022. Tíðni útkalla á stöðvar var sambærileg milli árána 2021 og 2022 en þau voru þá mun fleiri en árið 2020. Meðaltal klukkustunda í útköllum var lægra árið 2022 en undanfarin ár og má það m.a. rekja til dagvinnuliðsins sem nær að sinna flestum útköllum á dagvinnutíma án þess að boða þurfi auka mannskap.

Árið 2022 voru 24 útköll á stöðvar á fyrsta forgangi, F1, 120 í öðrum forgangi, F2, en langflest, eða 145 á þriðja forgangi, F3.

3. Kynning á Brunagátt og útkallsskýrslugrunni Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar

Pétur kynnti Brunagátt og útkallsskýrslugrunn Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar.

4. Slökkvistöðvarmál á Laugarvatni

Pétur og Helgi sögðu frá stöðu slökkvistöðvarinnar á Laugarvatni. Sveitarfélagið hefur selt það hús sem slökkvistöðin er staðsett í í dag.

5. Staða endurskoðunar vegna ársins 2022

Pétur sagði frá því að endurskoðun sé í fullum gangi og KPMG stefnir að því að ársreikningur verði tilbúinn í lok mánaðarins.

6. Önnur mál

Jóhanna Ýr spurði hvemig staðan sé á nýrri slökkvibifreið í Hveragerði. Sú bifreið er væntanleg í lok árs.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 15:06

Pétur Pétursson
Lárus Kristinn Guðmundsson
Unna Björg Ógmundsdóttir

Bragi Bjarnason
Fjóla Kristinsdóttir
Helgi Kjartansson
Árni Eiríksson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir